



Nefndasvið Alþingis
við Austurvöll
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 24.04.2015
Tilvísun: 201504-0007

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um veiðigjöld, nr. 74/2012.

Alþýðusambandinu hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um veiðigjöld.

ASÍ er fylgjandi álagningu veiðigjalda og telur að sú aðferðafræði sem tekin var upp á síðasta fiskveiðiári að notast við reiknaða afkomustuðla hafi verið til bóta frá fyrra kerfi.

Í fyrirliggjandi frumvarpi eru stigin fleiri skref í rétta átt en líkt og áður hefur verið bent á í umsögnum Alþýðusambandsins eru veikleikar sem fyrr óvissa um raunverulegt verð sjávarafurða sökum gallaðrar verðmyndunar og notkun gamalla upplýsinga við útreikninga. ASÍ leggur áherslu á að ákvörðun veiðigjalda byggji á nýjustu mögulegu upplýsingum og mun notkun tveggja ára gamalla upplýsinga óhjákvæmilega fela í sér ákveðin vandamál í jafn sveiflukennndri atvinnugrein og sjávarútvegi.

Afstaða ASÍ til frumvarpsins byggir í meginráttum á stefnu sambandsins í atvinnumálum en í henni er lögð áhersla á að:

„Á grundvelli stefnu um nýtingu og verndun náttúruauðlinda geta stjórnvöld veitt heimild til nýtingar á auðlindum sem eru í eigu þjóðarinnar gegn gjaldi að því tilskilyldu að nýtingarrétturinn sé tímabundinn eða að honum megi breyta“.

„Gegn leyfum komi endurgjald; í fyrsta lagi vegna kostnaðar ríkisins af rannsóknum og eftirliti með nýtingu auðlinda (þjómustugjald); í öðru lagi til að tryggja þjóðinni hlutdeild í umframardi sem nýting auðlinda í þjóðareign skapar (auðlindagjald); og í þriðja lagi, þar sem það á við, til að tryggja hagkvæma nýtingu (umhverfisskattur)“.

Í 5. gr. d. er veiðigjald ákvarðað sem 35% af reiknigrunni botnfisks, og 35% af reiknigrunni uppsjávarfisks, og er veiðigjaldið jafnað niður á stofna samkvæmt ákvörðuðum afkomuígildum. Áætlað er að veiðigjöld nemi 10,9 mö. kr. og komi til með að skila 9,4 mö. kr. í tekjur eftir að tekið hefur verið tillit til frádráttar.

Alþýðusambandið hefur áður bent á það í umsögnum að það telji veiðigjöld lágt ákvörðuð. Þetta á sérstaklega við í ljósi sterkrar stöðu sjávarútvegs og hafa lítil rök



Alþýðusamband Íslands

verið færð fyrir lækkunum veiðigjalda undanfarin ár. Horfur í sjávarútvegi eru hagfelldar um þessar mundir, en á sama tíma fæst ekki séð að veiðigjald tryggi þjóðinni sanngjama hlutdeild í umframardi af nýtingu auðlindarinnar né að framkvæmdar séu allar nauðsynlegar rannsóknir og eftirlit með nýtingu auðlindarinnar.

f.h. ASÍ
Róbert Farestveit
Hagfræðingur